

nr. 2 sé andstæð 17. gr. laga nr. 85/1936 og eigi að leiða til sýknu af kröfum stefnanda.

Með því að framlagður víxill fullnægir, eins og áður er getið, öllum formskilyrðum 1. gr. laga nr. 93/1933, greinir gjalddaga, sem liðinn er, og hefur verið réttilega afsagður, verður að líta svo á, að stefnandi eigi óskilyrtan víxilrétt á hendur stefnda, og ber því að taka kröfur hans til greina að öllu leyti. Þrautavarakrafa stefnda um sýknu að svo stöddu kemur því ekki til álita samkvæmt framansögðu.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfur stefnanda á hendur stefnda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgar-dómarans í Reykjavík.

Dómsorð:

Stefndi, Alexander Sigurðsson, greiði stefnanda, Jóni Ingólfsyni héraðsdómslögmanni, kr. 1.800.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 21. september 1978 til greiðsludags, kr. 4.500 í stimpilkostnað, kr. 2.000 í afsagnarkostnað og kr. 250.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. apríl 1981.

Nr. 222/1978. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Einari Matthíassyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Krafa um orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. desember 1978. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að ársvextir verði 22% frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, en 35% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu deila aðiljar um skyldu áfrýjanda til að greiða orlofsfé vegna yfirvinnukaups og vaktaálags, sem stefndi fékk greitt úr ríkissjóði fyrir tímabilið 1. janúar 1972 til 31. desember 1975, en hann var þá starfsmaður við loranstöðina á Gufuskálum. Ágreiningur er ekki milli aðilja um útreikning kröfu stefnda, og er hún sundurliðuð í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa velta á því, hvernig skýra ber lög nr. 87/1971 um orlof.

Í 7. gr. laga þessara segir í 1. mgr., að atvinnurekandi skuli greiða í orlofsfé $8\frac{1}{3}\%$ af launum. Í upphafi 8. gr. segir, að fastur starfsmaður fái laun í orlofi í stað orlofsfjár og „auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati . . .“ Af þessu verður ráðið, að um kjör stefnda að þessu leyti fer eftir 8. gr. laganna, þar sem hann var fastur starfsmaður í þjónustu ríkisins á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Í orlofslögum er ekki að finna neitt ákvæði, sem tryggir stefnda rétt til orlofsfjár, eins og hann krefst.

Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina. Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Einars Matthíassonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október sl., hefur Einar Mattíasson, Álftahólum 6, Reykjavík, áður til heimilis að lóranstöðinni, Gufuskálum, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, höfðað gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 18. janúar 1977.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 191.406 með 9% ársvöxtum af kr. 4.379 frá 1. maí 1972 til 1. maí 1973, af kr. 24.581 frá þeim degi til 1. maí 1974, af kr. 66.054 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1975, af kr. 134.194 frá þeim degi til 1. maí 1976, en af kr. 191.406 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar alls úr hendi stefnda, þ. m. t. málflutningslaun skv. gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður að mati réttarins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Sáttaumleitaniir í málinu hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Í stefnu er greint frá því, að stefnandi sé og hafi lengi verið starfsmaður lóranstöðvarinnar á Sandi. Hann sé félagsmaður í Gufuskáladeild Félags íslenskra símamanna, en það félag eigi aðild að Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Laun stefnanda séu þrjúþætt: föst laun, vaktaálag og yfirvinna. Stefnandi krefur stefnda um greiðslu orlofs, 8.33% af því kaup, sem hann fékk fyrir yfirvinnu og vaktaálag á tímabilinu frá 1. janúar 1972 til 31. desember 1975, að frádregnu svonefndu orlofsframlagi. Stefnandi lagði fram eftirfarandi skýringar og sundurliðun á kröfugerð sinni:

„Yfirvinna og vaktaálag eftir orlofsárum og orlof af þessum greiðslum (8.33%)

1/1/72—30/4/72	kr.	52.572	kr.	4.379
1/5/72—30/4/73	—	302.541	—	25.202
1/5/73—30/4/74	—	617.929	—	51.473
1/5/74—30/4/75	—	938.051	—	78.140
1/5/75—31/12/75	—	756.840	—	63.045

		2.667.993		222.239
--	--	-----------	--	---------

Sundurliðun stefnufjárhæðar:

Vangr. orlof 1/1/72—30/4/72			kr.	4.379
Vangr. orlof '72—'73	kr.	25.202		
÷ orlofsframlag	—	5.000	kr.	20.202
<hr/>				
Vangr. orlof '73—'74	kr.	51.473		
÷ orlofsframlag	—	10.000	kr.	41.473
<hr/>				
Vangr. orlof '74—'75	kr.	78.140		
÷ orlofsframlag	—	10.000	kr.	66.140
<hr/>				
Vangr. orlof 1/5/75—31/12/75			63.045	
÷ orlofsframlag 1/5/75—31/12/75			5.833	kr. 57.212

kr. 191.406“.

Af hálfu stefnda var tölulegri kröfugerð stefnanda eigi mót-mælt, en hún byggist á upplýsingum launadeildar fjármála-ráðuneytisins, dags. 16. okt. 1978. Af hálfu stefnda var kröfum stefnanda um greiðslu orlofs, sem hann setti fram í bréfi, dags. 22. mars 1976, hafnað með bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 29. mars 1976.

Málsástæður.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að með lögum nr. 16/1943 hafi verið sett heildarlöggjöf um orlofsmál launþega og í 1. gr. laganna sé tekið fram, að þau gildi um starfsmenn ríkisins. Í lögum nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna séu ákvæði um orlof og í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum segi, að um orlof ríkisstarfsmanna gildi lög um orlof. Í greinargerðinni komi og fram, að orlofsákvæðin í lögnum séu sett til þess að lengja orlof ríkisstarfsmanna í samræmi við kjarasamninga þá, sem í gildi voru á frjálsum vinnu-markaði. Orlofsákvæðum laga nr. 38/1954 hafi ekki verið ætlað að koma í stað laga um orlof til þrengingar orlofsrétti ríkisstarfs-

manna. Í lögum nr. 8/1957 um breytingu á lögum nr. 16/1943 hafi verið ítrekað, að lögin giltu um ríkisstarfsmenn.

Í lögum nr. 87/1971 um orlof, sbr. lög nr. 109/1972, sé tekið skýrt fram, að lögin gildi um alla þá, sem starfi í þjónustu annarra gegn launum. Ríkisstarfsmenn séu þar ekki undanskildir, svo sem óhjákvæmilegt hefði verið, ef ætlan löggjafans hefði verið sú að láta þá búa við skertan orlofsrétt miðað við aðra launþega. Í greinargerð með frumvarpi til laganna hafi verið tekið fram, að 1. gr. laganna væri að efni til samhljóða lögum nr. 16/1943 um orlof, þar sem tekið sé fram, að lögin nái til starfsmanna ríkisins. Lögum nr. 38/1954 hafi m. a. verið ætlað að tryggja, að ríkisstarfsmenn hefðu a. m. k. ekki lakari rétt til orlofs en aðrir launþegar. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1971 segi, að samningar um minni rétt til handa launþegum en lögin ákveði séu ógildir, og í 1. mgr. sömu greinar segi, að lögin rýri ekki víðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt skv. öðrum lögum, samningum eða venjum. Af þessu ákvæði verði ekki annað ráðið en að lögin felli úr gildi þau lagaákvæði, sem kunní að ákveða launþegum minni orlofsrétt en orlofslögin kveði á um. Af þessu verði sú ályktun dregin, að um rétt ríkisstarfsmanna til orlofs gildi lög nr. 87/1971 um orlof að því leyti sem þau veiti þeim víðtækari orlofsrétt en þröng túlkun á IV. kafla laga nr. 38/1954 gæti leitt til.

Í 1. og 7. gr. laga nr. 87/1971 sé skýrt kveðið á um, að 8½% orlofsfé skuli greiða af öllum launum og hlunnindum, en sú undantekning sérstaklega gerð, að ekki skuli reikna orlofsfé af orlofslaunum og orlofsfé. Í 8. gr. laganna segi, að fastur starfsmaður fái laun í orlofi í stað orlofsfjár svo og fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati. Við túlkun á 1. mgr. 8. gr. laganna verði að hafa til hliðsjónar 2. mgr. sömu greinar, en þar sé ákveðið, að greiða skuli starfsmanni orlofsfé á öll laun, ef hann lætur af störfum á orlofsárinu. Sá, sem ekki skipti um starf, eigi ekki að vera verr settur en sá, sem skipti um starf, og því beri að túlka 1. mgr. 8. gr. laganna svo, að starfsmenn eigi einnig rétt á að fá orlof greitt af öðrum tekjum en föstum launum, enda mundi annað leiða til misræmis, sem vart verði ætlað, að löggjafinn hafi stefnt að.

Í gögnum málsins komi skýrt fram, að stefndi telji svonefnt orlofsframlag koma í stað orlofsgreiðslna á yfirvinnukaup og viðurkenni þar með skyldu sína til að greiða orlofsfé á yfirvinnu.

Allir launþegar á Íslandi að ríkisstarfsmönnum undanteknum

hafi frá 1. janúar 1972 fengið greitt orlof á álags- og yfirvinnugreiðslur, e. t. v. að undanteknum bankastarfsmönnum, sem fá greidda launauppbót.

Stefndi hafi gert samkomulag við félagsmenn í Bandalagi háskólamanna um að greiða þeim orlof af allri yfirvinnu frá 1. janúar 1974. Þetta hafi verið sérstakt samkomulag, sem hafi verið gert á grundvelli dómssáttar í málinu nr. 408/1975, sem Steingrímur H. Ingvarsson hafi höfðað gegn stefnda fyrir bæjarþingi Reykjavíkur um sama ágreiningsefni og mál þetta snúist um. Þetta samkomulag hafi ekki verið tengt neinum kjarasamningum.

Af framansögðu sé ljóst, að stefnanda beri réttur til $8\frac{1}{3}\%$ orlofsfjár á álags- og yfirvinnugreiðslur sínar skv. lögum nr. 87/1971, en samningar um minni rétt en fyrir sé mælt í lögnum séu ógildir. Þar sé jafnt átt við samninga einstaklinga og heildarkjarasamninga og geti Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ekki bundið félagsmenn sína við samninga, sem ekki standist lög. Atvinnurekendur aðrir en stefndi, e. t. v. að bönkum og sparisjóðum undanskildum, hafi viðurkennt þá túlkun, sem stefnandi beiti í þessu máli, en stefndi hafi viðurkennt skyldu sína til að greiða orlof á yfirvinnu með greiðslu orlofsframlagsins.

Sú málsástæða stefnda, að notkun lægri deilitölu við útreikning á yfirvinnukaupi, skipti ekki máli, því að ríkisstarfsmenn vinni aðeins eina tegund yfirvinnu, en aðrir starfshópar margar tegundir yfirvinnu.

Þótt rétt kynni að vera með farið hjá stefnda, sem þó sé mótmælt, þá sé slíkt röng aðferð við greiðslu orlofsfjár.

Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að þótt kröfur stefnanda kynnu að einhverju leyti að vera fyrndar, mundi stefndi ekki byggja á því.

Af hálfu stefnda var því ekki mótmælt, að um orlofsrétt starfsmanna ríkisins giltu lög nr. 87/1971 um orlof svo og IV. kafli laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Því var haldið fram, að líta ætti á lög nr. 87/1971 til uppfyllingar ákvæðum IV. kafli laga nr. 38/1954, þar sem þau væru yngri, en almenn lög eins og þau felldu ekki úr gildi sérreglur eldri laga. Þessari málsástæðu var mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni. Rétt væri og óumdeilt, að ekki yrði samið um minni orlofsrétt en lög kvæðu á um. Í 7. gr. laga nr. 87/1971 sé ekki kvæðið á um, að orlofsfé skuli greitt af öllum launum. Þar sé tæmandi talið, af hvaða launum skuli greitt

orlofsfé, og sé þar ekki minnst á yfirvinnu, en hún geti engan veginn talist til hlunninda. Í 8. gr. laganna sé að finna sérreglu um fasta starfsmenn, en þeir eigi að fá laun í orlofi í stað orlofsfjár. Þessa grein laganna verði að skilja svo, að laun í orlofi komi í stað alls orlofsfjár, því annars hefði legið beint við að segja í lögnum, að launin kæmu í stað orlofsfjár af föstum launum. Í reglugerðum, sem settar hafi verið skv. lögum nr. 87/1971, komi fram, að orlofsréttur fastra starfsmanna og lausráðinna eigi ekki að vera hinn sami. Fastir starfsmenn eigi að fá greidd venjuleg laun, á meðan þeir séu í orlofi, en aðrir launþegar fái greitt orlofsfé, sem nemi a. m. k. $8\frac{1}{3}\%$ af launum þeirra. Í reglugerðunum komi því fram, að lög nr. 87/1971 séu skilin eins og að framan sé lýst. Sá skilningur, að laun í orlofi komi í stað orlofsgreiðslna af fullum launum starfsmanns, sýnist hafa orðið ofan á í kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem undirritaður hafi verið 15. desember 1973. Ekki skipti máli, þótt aðrir launþegahópar skilji lögín öðruvísi eða semji um annað. Þá beri þess að gæta, að orlofslög nr. 16/1943 beri það með sér, að ekki skuli greiða orlof af yfirvinnu fastráðins starfsmanns, en ekkert bendi til þess, að löggjafinn hafi ætlað að breyta þessu með lögum nr. 87/1971.

Þótt skilningur stefnanda á þessum atriðum yrði lagður til grundvallar, eigi engu að síður að sýkna stefnda.

Samkvæmt lögum nr. 55/1962 og lögum nr. 46/1973, sem á þeim tíma, er um ræði í málinu, hafi gilt um kjarasamninga félagsmanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hafi bandalagið farið með samningsmál félagsmanna sinna gagnvart fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Í gildistið fyrrgreindu laganna hafi BSRB farið alfarið með þennan rétt, en í gildistið síðargreindu laganna að hluta til, en þar á meðal um orlofsmál. Samningsumboð BSRB sé óvefengjanlegt og því sé stefnandi bundinn af samningum, sem það hafi gert um orlofsmál hans sem og allir félagsmenn þess. Þegar í lögum nr. 87/1971 sé rætt um ógildi samninga um minni rétt en lögín kveði á um, þá sé eingöngu átt við samninga einstakra félagsmanna, þótt rétt og sanngjarnt sé, að ekki sé gerð minni krafa til heildarsamninga um þessi efni en samninga einstakra manna. Fyrir beiðni forsvarsmanna BSRB hafi réttur félagsmanna til orlofs verið rýmkaður með samningi, dags. 9. ágúst 1972, á milli fjármálaráðherra og Kjararáðs f. h. BSRB, þannig að opinberir starfsmenn hafi fengið greitt orlofs-

framlag, kr. 5.000, sem koma skyldi í stað orlofsgreiðslu af yfirvinnukaupi. Í þessu hafi samt ekki legið nein viðurkenning af hálfu fjármálaráðherra á rétti opinberra starfsmanna til orlofsgreiðslna af yfirvinnu.

Stefnandi, sem sé félagsmaður í aðildarfélagi BSRB, sé bundinn af þessum samningi og eigi því að sýkna stefnda af þeim sökum.

Verði ekki heldur fallist á þessa sýknuástæðu, verði að líta á það, að í bókun I, sem sé hluti af kjarasamningnum frá 15. desember 1973, segi: „Deilitala 160 til útreiknings á yfirvinnukaupi miðast við, að með því kaupi, sem þannig fæst, auk 10.000.-króna orlofsframlags, sé orlofsfé á yfirvinnukaup að fullu greitt.“ Á hinum almenna vinnumarkaði hafi deilitalan 173.3 verið notuð til að ákvarða yfirvinnukaup, sem að sjálfsögðu gefi lægra kaup. Sá munur, sem þarna sé á, svari að fullu að viðbættu orlofsframlaginu $8\frac{1}{3}\%$ orlofs á yfirvinnu. Þannig hafi stefnandi að fullu fengið greitt orlof á yfirvinnu. Af þeim sökum eigi að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Verði ekki á þetta fallist, skuli hlutfallið milli deilitölunnar 160 og 166 alla vega teljast greiðsla fyrir yfirvinnu ásamt með orlofsframlaginu.

Niðurstæða dómsins.

Óumdeilt er í máli þessu, að stefnandi var fastráðinn starfsmaður stefnda á því tímabili, sem um ræðir í málinu, að stefnandi var félagsmaður í einu af aðildarfélögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að kröfugerð stefnanda er tölulega rétt miðað við þær forsendur, sem hún er byggð á, enn fremur að lög nr. 87/1971 nái jafnt til opinberra starfsmanna sem annarra launþega.

Fyrir úrslit þessa máls þykir IV. kafli laga nr. 38/1954 ekki skipta máli, þar sem skýra verður 1. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1971 þannig, að veiti lögin þeim, sem þau ná til, aukinn orlofsrétt frá því, sem verið hefur, beri að fara eftir þeim.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 87/1971 segir, að atvinnurekandi skuli greiða í orlofsfé $8\frac{1}{3}\%$ af launum starfsmanns. Þegar skoðaðar eru athugasemdir við 7. gr. frumvarps til laga nr. 87/1971, en 7. gr. laganna er óbreytt frá 7. gr. frumvarpsins, er tvímæla laust, að atvinnurekanda ber skylda til að greiða orlof af yfirvinnu auk dagvinnu. Er því ljóst, að í greininni er átt við heildarlaun starfsmanns. Þá á atvinnurekandi að greiða skv. 2. mgr. 7.

gr. laganna sama orlofsfé af kaupi, sem er greitt með fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1971 segir, að fastur starfsmaður fái laun í orlofi í stað orlofsfjár og auk þess eftir atvikum fæði, húsnæði og önnur hlunnindi eftir mati skv. 2. mgr. 7. gr. laganna.

Síðari hluta 1. mgr. 8. gr. verður að skilja svo, að lausráðnir og fastráðnir starfsmenn sitji a. m. k. við sama borð, hvað snertir orlofsgreiðslur af launum, sem greidd eru með fæði, húsnæði og öðrum hlunnindum, þar sem vitnað er til 2. mgr. 7. gr. laganna.

Í 2. mgr. 8. gr. segir, að skipti fastur starfsmaður um starf einhvern tíma á orlofsárinu, beri að greiða honum orlofsfé í stað orlofslauna á því orlofsári öllu. Þetta ákvæði verður að skilja svo, að starfsmaður eigi rétt á $8\frac{1}{3}\%$ orlofsgreiðslu af öllum launum sínum í þessu tilviki.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að fyrri hluta 1. mgr. 8. gr. beri að skilja svo, að fastir starfsmenn eigi skv. honum ekki rétt á frekari orlofsgreiðslum en nemi föstum launum þann tíma, sem þeir eru í orlofi.

Ljóst er, miðað við tímalengd orlofs, sbr. 3. gr. laga nr. 87/1971, að föst laun í orlofi svara til $8\frac{1}{3}\%$ af föstum launum á öðrum tíma ársins.

Ef staðhæfing stefnda er rétt, fær fastur starfsmaður einungis orlofsgreiðslu af föstum launum eða lægri orlofsgreiðslu en $8\frac{1}{3}\%$ af heildarlaunum sínum, vinni hann yfirvinnu.

Úrskurðarefnið er því fyrst það, hvernig skýra skuli lögin, hvað þetta atriði snertir. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 87/1971 og í umræðum á Alþingi um frumvarpið er ekkert að finna til skýringar á þessu atriði.

Lög nr. 87/1971 eru heildarlöggjöf um orlofsrétt þeirra, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum. Skoða verður sem eina meginreglu laganna, að orlofsgreiðslur atvinnurekanda nemi $8\frac{1}{3}\%$ af launum starfsmanns. Ef þessi regla á ekki að ná til allra starfsmanna jafnt, eins og í raun er haldið fram af stefnda, þykir verða að líta svo á, að lögin yrðu að geyma fortakslaust ákvæði þar um, sem ekki er að finna, en ekki verður komið auga á nein rök fyrir mismunun sem þessari.

Því ber að skýra lögin svo, að fastir starfsmenn eigi rétt til orlofsgreiðslna af yfirvinnu sinni með sama hætti og aðrir starfsmenn, og verður því sá réttur viðurkenndur, sem stefnandi heldur

fram, að hann eigi skv. lögum nr. 87/1971 að þessu leyti til.

Þrátt fyrir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hafi farið með samningsumboð f. h. stéttarfélags stefnanda á þeim tíma, sem um ræðir í málinu, þykir stefnandi eigi bundinn af þeim samningum skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 87/1971, en ljóst er, að samið hefur verið um minni orlofsrétt honum til handa en hann telst eiga skv. fyrrgreindri niðurstöðu. Þykir þar eigi skipta máli, hvort heldur er samningur, dags. 9. ágúst 1972, milli fjármálaráðherra og Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um viðauka við kjarasamning, dags. 19. des. 1970, á milli sömu aðilja eða um ákveðna deilitölu til útreiknings á yfirvinnukaupi skv. bókun I með kjarasamningi fyrrgreindra aðilja, dags. 15. des. 1973. Þess ber og að gæta, að skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna á kjarasamningur ekki að ná til orlofsréttar, en þessi lög voru í gildi, þegar samningurinn um viðauka við kjarasamning, dags. 19. des. 1970, var gerður.

Niðurstaða dómsins er því sú, að taka beri kröfur stefnanda að fullu til greina.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 92.000.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson, settur borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Einari Matthíassyni, kr. 191.406 með 9% ársvöxtum af kr. 4.379 frá 1. maí 1972 til 1. maí 1973, af kr. 24.581 frá þeim degi til 1. maí 1974, af kr. 66.054 frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 1. maí 1975, af kr. 134.194 frá þeim degi til 1. maí 1976, en af kr. 191.406 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, og með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 92.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
